

## FS: Bréf til allra bæjarfulltrúa

**Til** : Guðjón Erling Friðriksson;Hildur Benediktsdóttir;Guðbjörg Brá Gísladóttir  
**Frá** : Garðabær  
**Heiti** : FS: Bréf til allra bæjarfulltrúa  
**Málsnúmer** : 2109445  
**Málsaðili** : Kristján Ármannsson  
**Skráð dags** : 20.09.2021 08:09:44  
**Höfundur** : Garðabær

---

**Frá:** Kristján Ármannsson

**Sent:** laugardagur, 18. september 2021 17:02

**Til:** Garðabær

**Efni:** Bréf til allra bæjarfulltrúa

Kæri Bæjarfulltrúi.

Ég bý í Garðabæ en á ekki einbýlishús eða stóra lóð. Ég bý í Sjálandshverfi í fjölbýlishúsi. Eitt af minum áhugamálum er að ferðast um landið með hjólhýsið mitt á sumrin. Þegar ég er heima þarf ég að geyma hjólhýsið og það reynist oft á tíðum vandkvæðum háð. Frá 10. Júní til 10 ágúst hef ég getað haft húsið á bílastæði Sjálandsskóla, en frá byrjun maí og svo í lok sumars er ég í stökustu vandræðum með stað til að hafa húsið.

Þetta vandamál þætti mér eðlilegt að bæjaryfirvöld hjálpuðu mér að leysa með því að útbúa stæði nálægt hverfinu þar sem hægt væri að leggja stórum ökutækjum, og hjólhýsum sem ekki er pláss fyrir á hefðbundnum bílastæðum inni í hverfinu.

Kær kveðja

Kristján Ármannsson

Löngulínu 10

210 Garðabæ.

S. 6953063